

Ísabella hefði gefið honum það fyllilega í skyn, að hún væri fastráðin í, að taka mig sér fyrir eiginmann. Og hann hefir álitid, að ekkert mundi geta glatt mig eins og það, að heyra af hans eigin vörum, að hann væri þessum ráðahag samþykkur; því hann hefir ekkert efast um, að ég væri ástfanginn af dóttur hans, og að upptökin til þessa leiks hefðu verið hjá mér.

Þetta hefði alt getað verið gott og blessað — og ég hefði vafalaust talið sjálfan mig mikinn gæfumann — hefði ég elskað Ísabellu, eða fundið það hjá mér, að ég gæti elskað hana. En því fór svo fjarri. Ég hafði meira að segja nærri því óbeit á henni, einkum eftir að ég varð fyrir fult og alt var við þessa ástafrekju hennar, því mér fanst sú frekja vera svo fjarri öllu óspiltu kvennlegu eðli. Og það eitt út af fyrir sig var nóg til þess, að hrinda mér frá henni. En svo var það líka hin hreina og ákafa ást mín til Exilónu, er aðallega kom í veg fyrir það, að ég gæti orðið tengdasonur Castilhós. — En mér stóð stuggur af þessari ást Ísabellu, því ég vissi, að hún var geðrík og gat haft það til, að vera framúrskarandi þrá; og eins vissi ég, að gamli Castilhó mundi hugsa þeim manni þegjandi þörfina, sem fyrirliði ást dóttur hans. Þetta gat því haft mjög illar afleiðingar fyrir mig—og enda fyrir marga fleiri. —Og ég fann, að ég var milli tveggja elda.

Ég var að hugsa um þetta allan daginn. Um kvöldið fór ég snemma að látta. En ég stóð þó fyrst nokkra stund við gluggan á herberginu mínu til að vita, hvort ég sæi ekki ljós í glugganum á kastala-turninum. En þar sást ekkert ljós. Ég setti svo ljós út í gluggann hjá mér, og lét það loga þar um fjórðung stundar. Með því vildi ég gefa Exilónu það til kynna, að ég yrði ekki heima hinn næsta sólarhring. — Ég hafði fastráðið að fara til Río de Janeiro, til að finna landa mína þar.